Alþingi
Erindi nr. Þ 136/265
komudagur 28.11.2008

26.11.2008
Viðskiptanefnd

14. mál
Samtökum fjárfesta hefur borist til umsagnar þingskjal 14, fumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr 161/2002.

Það virðist vera á reiki hvernig beri að túlka ákvæði fyrrnefndra laga um aðkomu fjármálafyrirtækja að annarri atvinnustarfsemi en fjármálastarfsemi.
Undirritaður hefur litiðs svo á að fjármálafyrirtækjum sé einungis heimil starfsemi skv. starfsheimildum í 20. gr. laganna. Önnur starfsemi á vegum fjármálafyrirtækis sé því aðeins heimil að um fullnustu sé að ræða til að tryggja kröfu.

Það að fjármálfyrirtæki komi að fyrirtæki í eðlilegum rekstri kann að vera trúnaðarbrot, þe. ef fyrirtæki er viðskiptavinur fjármálafyrirtækisins.

Ef tilgangurinn er að aðskilja viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi fjármálafyrirtækja þá telja Samtök fjárfesta að um um mun víðtækari endurskoðun þurfi að fra fram á lögum um fjármálafyrirtæki.

Með vinsemd,
Vilhjálmur Bjarnason
Framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta